

10 RAÐHÚS Í HVILFT.

10.1.1 Almenn atriði fyrir R1-01, R2-01. Hólavað 1-71. Hólmvað 38-68.

Markmið:

Lágreist byggð í góðum tengslum við útivistarsvæði. Þessi byggð er hluti af byggðinni í hvilftinni sem er austasta svæði byggðarinnar. Þess vegna er sami þakhalli og þaklitur og á fjölbýlishúsunum F3-01 og F3-02. Byggðin lækkar til suðurs og er staðsetning raðhúsanna þannig ákjósanleg.

Húsagerð:

Röð 1-2ja hæða raðhúsa með innbyggðri bílageymslu. Húsgerðinni er lýst í þessum texta og skýringarmynd í grunnmynd og sneiðingu. Auk þess er vísað til sameiginlegra ákvæða.

Hönnun húsa og lóða:

Sami aðalhönnuður skal vera á hverju húsi og það skal leggja fyrir skipulags- og byggingarnefnd sem eina heild. Gata framan við húsinn er á sameiginlegri lóð og er sameign. Lóð framan við hverja íbúð að stíg og lóð garðmegin að lóðarmörkum er sérnotahluti (sjá skýringar- og skilmálateikningar).

Húshæðir og þak:

Hæðir húsa skal miða við gólfkóta aðkomuhæðar (GK). Reikna skal með salarhæð a.m.k. 2,8 metrum. Þakform er bundið. Þak skal vera einhalla 15° og skal rísa til suðurs. Þak skal vera dumbrautt að lit.

Bílageymslur og bílastæði:

Heimilt er að byggja bílageymslu. Bílageymsla skal þá vera innbyggð, annað hvort sem opið bílskýli eða lokuð bílageymsla. Heimilt er að byggja bílageymslu tvo metra út fyrir bundna byggingarlínu götumegin í fjögurra metra breidd. Öheimilt er að byggja tvöfalda bílageymslu. Gera skal ráð fyrir tveimur bílastæðum framan við hverja íbúð. Gestastæði eru við húsagötu á borgarlandi.

10.1.2 Raðhús R2-01 sérákvæði. Hólavað 1-61. Hólmvað 38-52.

Fjöldi húsa og íbúða:

Fimm hús á tveimur hæðum. Samtals 39 íbúðir. Viðmiðunarstærðir íbúða eru 120 m².

10.1.3 Raðhús R1-01 sérákvæði. Hólavað 63-71. Hólmvað 54-68.

Fjöldi húsa og íbúða:

Þrjú hús á einni hæð. Samtals 13 íbúðir. Viðmiðunarstærðir íbúða eru 110 m².

Útbyggingar:

Heimilt er að reisa útbyggingar 3m útfyrir byggingarreit í allt að 4m breidd.